

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 353/1984, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

Á eftir 5. gr. kemur ný grein, sem verður 6. gr., en númer þriggja síðustu greinanna breytast til samræmis. Hin nýja 6. gr. er svohljóðandi:

Orðabók Háskólans starfar í fjórum deildum: 1) Orðtökudeild; 2) Talmálsdeild; 3) Ritstjórnardeild og 4) Tölvudeild. Umsjón með hverri deild er í höndum deildarstjóra sem jafnframt skal vera skipaður sérfræðingur við OH. Að höfðu samráði við forstöðumann og sérfræðinga tilnefni stjórn OH við menntamálaráðuneytið deildarstjóra hverrar deildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, 36. gr., sbr. 64. gr. háskóla­reglugerðar, nr. 78/1979, og öðlast gildi 1. janúar 1988.

Menntamálaráðuneytið, 16. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 485

28. september 1987

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Sildarverksmiðjur ríkisins,
Seyðisfirði, frá 30. september 1985.

1. gr.

3. og 4. tl. orðist svo:

- 3.3. Ákvörðun um áætlanir um lofthreinsibúnað á fjárhagsáætlun vegna þeirra skulu liggja fyrir 1. mars 1988.
- 3.4. Hreinsibúnað sbr. gr. 2.9. skal taka í notkun eigi síðar en 30. september 1988.

2. gr.

- 2.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.